

Ávarp rektors við brautskráningu frá Endurmenntun Háskóla Íslands

Háskólabíói föstudaginn 9. júní 2017 kl. 15.00

Ágætu kandídatar, endurmenntunarstjóri, góðir gestir

Ég óska ykkur, kæru kandídatar, innilega til hamingju með daginn og árangurinn sem staðfestur er með prófskírteinum sem þið munuð taka við hér á eftir.

Brautskráningardagur markar ævinlega tímamót, bæði í lífi ykkar og í starfi Háskóla Íslands. Þið, kandídatar, hafið lagt hart að ykkur í náminu og uppskerið nú eins og þið hafið sáð. Kennarar og annað starfsfólk Endurmenntunar Háskóla Íslands hefur einnig kappkostað að tryggja að prófskírteinin séu traustur vitnisburður sem gerir ykkur kleift að þróast í starfi eða takast á hendur ný og krefjandi störf.

Íslensk tunga geymir málshátt sem fangar betur en mörg orð inntak þessarar samkomu hér í dag: *svo lengi lærir sem lifir*. Þetta orðatiltæki vísar ekki aðeins til þess sem við vanalega köllum skóli lífsins – heldur á það einnig sérlega vel við á okkar tímum þar sem endurmenntun og símenntun leika sífellt stærra hlutverk í samfélaginu. Þar á Endurmenntun Háskóla Íslands stóran hlut að máli því allar götur frá stofnun hennar árið 1983 hefur Endurmenntun verið í forystuhlutverki á Íslandi með því að skapa ný og fjölbreytt námstækifæri sem miða að því að efla hæfni og þekkingu fólks í lífi og starfi. Endurmenntun Háskóla Íslands hefur þannig frá fyrstu tíð verið forystuafli á sviði nýsköpunar í menntun og fræðslu.

Ég er ekki viss um að allir átti sig almennilega á umfangi endurmenntunar hér á landi og þá á ég við almennt en ekki aðeins það mikla og merka starf sem fer fram á vettvangi Endurmenntunar Háskóla Íslands. Ef skoðaðar eru tölur Hagstofunnar um þátttöku í símenntun og fræðslu hér á landi blasir við að á síðustu árum hefur orðið gríðarleg fjölgun í þeim hópi 25 til 64 ára sem sækja sér símenntun og fræðslu. Hefur hlutfall landsmanna á þessu aldursbili sem stundar einhvers konar símenntun hækkað úr rúmum 22% árið 2003 í 27,5% árið 2015. Jafngildir þetta því að tæplega 46.000 Íslendingar á aldrinum 25-64 ára hafi sótt sér símenntun og fræðslu. Einnig er eftirtektarvert að þátttaka í símenntun eykst með aukinni formlegri skólamenntun. Þannig sóttu tæplega 38% þeirra sem höfðu háskólapróf símenntun árið 2015, en þetta hlutfall var 17% hjá þeim sem eingöngu höfðu lokið grunmenntun. Þá er athyglisvert að mun fleiri konur en karlar sækja símenntun og fræðslu, en á árinu 2015 sóttu um 32% kvenna á aldrinum 25-64 ára símenntun en aðeins 23% karla. Sé horft á málið í alþjóðlegu samhengi er Ísland er í 4. sæti af 33 Evrópuþjóðum þegar litið er á þátttöku í símenntun, en aðeins í Danmörku, Sviss og Svíþjóð er þátttakan heldur meiri en hér á landi. Þessi mikla þátttaka Íslendinga í símenntun er einnig athyglisverð í ljósi þess að ekki er um að ræða skyldunám heldur fræslu sem fólk sækir vanalega af einskærum áhuga á að auka þekkingu sína og færni og efla þannig möguleika sína á vinnumarkaði. Af þessum sökum er það iðulega svo að þeir sem sækja sér endurmenntun eru sérlega áhugasamir og góðir nemendur.

Ef litið er yfir hið breiða og fjölbreytta námsframboð Endurmenntunar Háskóla Íslands sést vel að starfsemi stofnunarinnar er afar víðtæk og nær til flestra þátta samfélagsins. Valkostirnir eru margir hvort sem um er að ræða námskeið, námsbrautir eða nám til réttinda í samstarfi við fagfélög, fyrirtæki og stofnanir, svo nokkuð sé nefnt.

Góðir kandídatar. Eins og ég gat um í upphafi markar brautskráning alltaf tímamót, þar sem tvennir tímar mætast. Þannig er athöfnin hér í dag í senn lokaskref í átt að markmiði sem þið hafið sett ykkur – um leið og hún er fyrsta skrefið á vegferð sem mun leiða ykkur á vit nýrra tækifæra, með nýja þekkingu og færni í farteskinu; þekkingu og færni sem nýtist samfélagi og atvinnulífi og auðgar um leið líf ykkar.

Stefna Endurmenntunar Háskóla Íslands er að vera ávallt eftirsóknarverðasti valkostur fyrirtækja, stofnana og einstaklinga til símenntunar á Íslandi. Þetta má sannarlega einnig heimfæra upp á ykkur, kandídatar góðir, því námið hjá Endurmenntun gerir ykkur að eftirsóknarverðum valkosti fyrir samfélag og atvinnulíf.

Ég óska ykkur öllum innilega til hamingju með áfangann og velfarnaðar í því sem þið takið ykkur fyrir hendur. Takk fyrir.